

vís

vis.is

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu



1. janúar – 31. mars 2023



Vátryggingafélag Íslands hf.

Samandreginn árshlutareikningur
samstæðu

1. janúar - 31. mars 2023

Efnisyfirlit

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	2-3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Eiginfjáryfirlit	6
Sjóðstreymisyfirlit	7
Skýringar	8-13

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samandreginn samstæðuárshlutareikningur Vátryggingafélags Íslands hf. ("félagið" eða "VÍS") fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2023 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Aðalstarfsemi félagsins felst í vátryggingastarfsemi og fjárfestingum. Samstæðuárshlutareikningurinn hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess Líftryggingafélags Íslands hf. og SIV eignastýringar hf., sem vísað er til í heild sinni sem "samstæðunnar". Samstæðuárshlutareikningurinn hefur ekki verið kannaður eða endurskoðaður af endurskoðendum félagsins.

Rekstur og fjárhagsleg staða

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu nam hagnaður samstæðunnar á tímabilinu 229 milljónum króna. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir samstæðunnar 51.116 milljónum króna og bókfært eigið fé nam í lok tímabilsins 16.262 milljónum króna.

Samsett hlutfall tímabilsins var 110,4% (3M 2022: 104,7%), tjónahlutfall var 83,4% (3M 2022: 77,6%), hreint kostnaðarhlutfall af endurtryggingasamningum 2,9% (3M 2022: 2,5%) og kostnaðarhlutfall vátryggingasamninga var 24,1% (3M 2022: 24,6%). Ávöxtun fjáreigna var jákvæð um 2,7% (3M 2022: 0,8%).

Aðalfundur félagsins var haldinn þann 16. mars. Í aðalstjórn voru kosin Stefán Héðinn Stefánsson, stjórnarformaður, Vilhjálmur Egilsson, varaformaður stjórnar, Ásgeir Helgi Reykfrjörð Gylfason, Guðný Hansdóttir og Marta Guðrún Blöndal. Ragnheiður Hrefna Magnúsdóttir og Sveinn Friðrik Sveinsson voru kosin sem varamenn í stjórn félagsins.

Félagið gaf út afkomuspá fyrir árið 2023 þann 3. febrúar og gerði spáin ráð fyrir að samsett hlutfall yrði 96-98%. Félagið mun tilkynna ef breytingar verða á horfum ársins um samsett hlutfall, s.s. vegna stórra tjóna eða annars sem hefur umtalsverð áhrif á rekstur félagsins, svo að verðmótandi teljist fyrir hlutabréf félagsins.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Hlutfé og ráðstöfun hagnaðar

Skráð hlutfé félagsins nam í lok tímabilsins 1.750 milljónum króna (þar af eigin bréf 54 milljónir króna), og er hver hlutur í félaginu ein króna að nafnverði. Hluthafar félagsins voru 927 í lok tímabilsins en voru 937 í ársbyrjun. Um 55% (4F 2022: 50%) hluta eru í eigu lífeyrissjóða, 25% (4F 2022: 28%) í eigu annarra lögaðila, 2% (4F 2022: 2%) í eigu fjármálafyrirtækja, 7% (4F 2022: 5%) í eigu einstaklinga, 6% (4F 2022: 10%) í eigu innlendra sjóða og 4% (4F 2022: 3%) í eigu erlendra sjóða. Tillaga stjórnar um greiðslu arðs að fjárhæð 940 milljónir eða 0,554 kr. á hlut, var samþykkt á aðalfundi félagsins og greiddi félagið arð til hluthafa þann 28.mars s.l.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samstæðuárshlutareikningur Vátryggingafélags Íslands hf. gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2023 og eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 31. mars 2023. Jafnframt er það álit okkar að samstæðuárshlutareikningurinn geymi glöggt yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar í lok tímabilsins og lýsi helstu áhættuþáttum sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Vátryggingafélags Íslands hf. hafa í dag farið yfir samstæðuárshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2023 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 4. maí 2023

Í stjórn

Stefán Héðinn Stefánsson
stjórnarformaður

Vilhjálmur Egilsson
varaformaður

Ásgeir Helgi Reykþjörð Gylfason

Marta Guðrún Blöndal

Guðný Hansdóttir

Forstjóri

Guðný Helga Herbertsdóttir

Rekstrarreikningur fyrir tímabilið 1. janúar - 31. mars

	Skýr.	3M 2023	3M 2022 *
Tekjur af váttryggingasamningum	6	6.177.460	5.779.315
Kostnaður af váttryggingasamningum	7	(6.641.224)	(5.902.717)
Hreinn kostnaður af endurtryggingasamningum		(181.278)	(145.864)
Afkoma af váttryggingasamningum		(645.042)	(269.266)
Aðrar fjárfestingartekjur		329.499	51.807
Gangvirðisbreyting fjárfestingareigna	8	827.413	223.106
Rekstrarkostnaður fjárfestinga		(98.444)	(69.536)
Afkoma fjárfestinga		1.058.468	205.378
Fjármagnsliðir váttryggingasamninga		(193.475)	94.876
Afkoma fjármagnsliða		864.993	300.254
Aðrar tekjur og gjöld		(8.025)	11.044
Hagnaður fyrir skatta		211.926	42.032
Tekjuskattur	9	17.397	30.686
Hagnaður tímabilsins		229.323	72.718
Hagnaður tilheyrir			
Hluthafar móðurfélags		231.822	72.718
Hlutdeild minnihluta		(2.499)	0
		229.323	72.718
Hagnaður á hlut:			
Hagnaður og þynntur hagnaður á hlut		0,13	0,04

* Framsetningu samanburðarfjárhæða hefur verið breytt til samræmis við IFRS 17, sjá nánar í skýringu 2.

Skýringar á blaðsíðum 8-13 eru óaðskiljanlegur hluti af árs hlutareikningnum.

Efnahagsreikningur 31. mars 2023

	Skýr.	31.3.2023	31.12.2022 *
Eignir			
Rekstrarfjármunir		295.407	346.180
Viðskiptavild og aðrar óefnislegar eignir		1.382.647	1.414.824
Húsaleigugæign		595.557	615.906
Skatteign		0	78
Fjárfestingareignir	10	43.098.240	41.854.357
Fjárfestingar með fjárfestingaráhættu líftryggingataka		1.140.582	1.154.453
Endurtryggingagæignir		1.520.617	1.137.811
Aðrar kröfur		1.784.113	1.250.281
Handbært fé		1.298.588	2.380.526
Eignir samtals		<u>51.115.751</u>	<u>50.154.414</u>
Eigið fé			
Hlutfé		1.695.550	1.715.600
Lögbundinn varasjóður		625.620	625.620
Bundið eigið fé		6.598.746	6.671.783
Óráðstafað eigið fé		7.299.006	8.265.816
Eigið fé hluthafa móðurfélags		<u>16.218.922</u>	<u>17.278.819</u>
Hlutdeild minnihluta		43.461	45.960
Eigið fé samtals		<u>16.262.382</u>	<u>17.324.779</u>
Skuldir			
Víkjandi skuldabréf	12	3.371.112	3.320.195
Tekjuskattsskuldbinding		98.915	116.389
Húsaleiguskuldbinding		643.853	663.802
Skuldbinding vegna greiddra iðgjalda	13	3.424.439	2.206.927
Skuldbinding vegna orðinna tjóna	13	23.509.915	22.880.803
Líftryggingaskuld með fjárfestingaráhættu líftryggingataka		1.140.582	1.154.453
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir		2.664.554	2.487.066
Skuldir samtals		<u>34.853.369</u>	<u>32.829.635</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>51.115.751</u>	<u>50.154.414</u>

* Framsetningu samanburðarfjárhæða hefur verið breytt til samræmis við IFRS 17, sjá nánar í skýringu 2.

Skýringar á blaðsíðum 8-13 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

Eiginfjáryfirlit 1. janúar - 31. mars 2023

	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Hlutdeild minnihluta	Samtals
2022						
Eigið fé 1.1.2022	1.750.000	625.620	9.371.188	8.705.832		20.452.640
Greiddur arður 2 kr. á hlut				(3.500.000)		(3.500.000)
Hagnaður tímabilsins				72.718		72.718
Bundið eigið fé vegna verðbréfa			(683.309)	683.309		0
Eigið fé 31.3.2022	1.750.000	625.620	8.687.879	5.961.859	0	17.025.359
2023						
Eigið fé 1.1.2023	1.715.600	625.620	6.671.783	8.265.816	45.960	17.324.779
Greiddur arður 0,554 kr. á hlut				(939.335)		(939.335)
Keyptir eigin hlutir	(20.050)			(332.335)		(352.385)
Hagnaður tímabilsins				231.822	(2.499)	229.323
Bundið eigið fé vegna verðbréfa			(73.037)	73.037		0
Eigið fé 31.3.2023	1.695.550	625.620	6.598.746	7.299.006	43.461	16.262.382

Skýringar á blaðsíðum 8-13 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

Sjóðstreymisyfirlit fyrir tímabilið 1. janúar - 31. mars 2023

	Skýr.	3M 2023	3M 2022
Rekstrarhreyfingar			
Heildarhagnaður tímabilsins		229.323	72.718
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á handbært fé:			
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		(289.320)	(30.618)
Gangvirðisbreyting fjáreigna		(827.413)	(223.106)
Söluhagnaður rekstrarfjármuna		(944)	0
Afskriftir		150.537	146.048
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Fjáreignir, breyting		(522.160)	3.307.066
Skuldabréf og aðrar langtímakröfur, breyting		0	(714.599)
Aðrar kröfur, breyting		(3.302.035)	(2.983.050)
Endurtryggingaeignir, breyting		(373.153)	(266.395)
Aðrar eignir, breyting		(18.510)	15.999
Tekjuskattskuldbinding, breyting		(17.397)	(30.686)
Vátryggingaskuld, breyting		4.633.337	3.743.863
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir, breyting		167.835	316.423
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		<u>(169.901)</u>	<u>3.353.664</u>
Innborgaðar fjármunatekjur		552.692	292.858
Greidd fjármagnsgjöld		(100.808)	(98.506)
Handbært fé frá rekstri		<u>281.983</u>	<u>3.548.016</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Seldir (keyptir) rekstrarfjármunir		15.117	(17.304)
Keyptar óefnislegar eignir		(42.823)	(50.463)
		<u>(27.705)</u>	<u>(67.766)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Keyptir eigin hlutir		(352.385)	0
Greiddur arður		(939.335)	(3.500.000)
Höfuðstóls afborganir húsaleiguskuldar		(38.536)	(32.771)
		<u>(1.330.256)</u>	<u>(3.532.771)</u>
Breyting handbærs fjár		(1.075.979)	(52.522)
Handbært fé í upphafi árs		2.380.526	1.552.903
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		(5.959)	202
Handbært fé í lok tímabilsins		<u>1.298.588</u>	<u>1.500.584</u>

Skýringar á blaðsíðum 8-13 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

Skýringar

1. Starfsemi

Vátryggingafélag Íslands hf., hér eftir nefnt félagið, samstæðan eða VÍS, er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 100/2016 um vátryggingastarfsemi og laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Höfuðstöðvar félagsins eru í Ármúla 3, Reykjavík.

Árshlutareikningur samstæðu Vátryggingafélags Íslands hf. hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess, Líftryggingafélags Íslands hf. (Lífis) og SIV eignastýringar hf. Samstæðan starfar á sviði skaðatrygginga, líftrygginga og fjármála. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi samstæðunnar á grundvelli laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

2. Grundvöllur reikningsskila

Samstæðuarshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Árshlutareikningurinn er jafnframt í samræmi við lög um ársreikninga. Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning hennar fyrir árið 2022.

Hægt er að nálgast ársreikninginn á vef félagsins www.vis.is og á vef Kauphallar Íslands; www.nasdaqomxnordic.com.

Árshlutareikningurinn var samþykktur og leyfður til birtingar á stjórnarfundum þann 4. maí 2023.

Nýir reikningsskilastaðlar

Reikningsskilastaðlarnir IFRS 9 Fjármálagæringar og IFRS 17 Vátryggingasamningar voru innleiddir hjá samstæðunni þann 1. janúar 2023. Áhrif innleiðingar IFRS 9 voru óveruleg en taflan hér að neðan sýnir áhrif innleiðingar IFRS 17.

Áhrif innleiðingar IFRS 17 á fjárhæðir ársins 2022

Rekstrarreikningur	IFRS 17	IFRS 4	Breyting
Tekjur af vátryggingasamningum	5.779.315	5.719.124	(60.191)
Kostnaður af vátryggingasamningum	(5.932.884)	(5.944.501)	(11.617)
Fjármagnsliðir vátryggingasamninga	125.044	216.398	91.354
Aðrar tekjur og gjöld	11.044	(8.502)	(19.546)
Hagnaður tímabilsins	72.718	72.718	0
Efnahagsreikningur			
Viðskiptakröfur	0	6.567.183	6.567.183
Vátryggingaskuldir	26.934.354	33.501.537	6.567.183
Kostnaðarhlutfall	24,6%	24,8%	0,2%
Tjónahlutfall	77,6%	78,7%	1,1%
Endurtryggingahlutfall	2,5%	2,6%	0,1%
Samsett hlutfall	104,7%	106,1%	1,4%

3. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður og birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

4. Reikningshaldslegt mat

Við gerð samandregins árshlutareiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Reglulega er farið yfir mat og forsendur. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Stjórnendur hafa gefið sér forsendur um og lagt reikningshaldslegt mat á eftirfarandi liði sem hafa veruleg áhrif á reikningsskil samstæðunnar:

- fjáreignir sjá skýringu nr. 10
- vátryggingaskuld sjá skýringu nr. 13

5. Starfsþáttagreining

Samstæðunni er skipt í þrjú rekstrarstarfsþætti: Skaðatryggingarekstur, líftryggingarekstur og fjármálarekstur samkvæmt skipulagi og innri upplýsingagjöf samstæðunnar.

Afkoma starfsþáttanna fyrir tímabilið 1. janúar - 31. mars 2023 var eftirfarandi:

	Skaðatrygginga- rekstur	Líftrygginga- rekstur	Fjármála- rekstur	Samtals
Tekjur af váttryggingasamningum	5.731.850	445.610	0	6.177.460
Afkoma fjárfestinga	0	0	1.058.468	1.058.468
Heildartekjur	5.731.850	445.610	1.058.468	7.235.928
Kostnaður af váttryggingasamningum	(6.362.046)	(279.178)	0	(6.641.224)
Hreinn kostnaður af endurtryggingasamningum	(159.340)	(21.938)	0	(181.278)
Fjármagnsliðir váttryggingarsamninga	0	0	(193.475)	(193.475)
Rekstrarafkoma starfsþáttar	(789.536)	144.494	864.993	219.952
Aðrar tekjur og gjöld				(8.025)
Tekjuskattur				17.397
Hagnaður tímabilsins				229.323

Afskriftir rekstrarfjármuna og hugbúnaðar í skaðatryggingarekstri eru 111 milljónir króna og í fjármálarekstri 0,5 milljón króna. Fjárfestingar í hugbúnaði og í rekstrarfjármunum í skaðatryggingarekstri eru 46 milljónir króna. Bókfært verð seldra eigna vegna starfsþáttarinnar skaðatrygginga var 19 milljónir króna.

Afkoma starfsþáttanna fyrir tímabilið 1. janúar - 31. mars 2022 var eftirfarandi: *

	Skaðatrygginga- rekstur	Líftrygginga- rekstur	Fjármála- rekstur	Samtals
Tekjur af váttryggingasamningum	5.377.293	402.022	0	5.779.315
Afkoma fjárfestinga	0	0	205.378	205.378
Heildartekjur	5.377.293	402.022	205.378	5.984.692
Kostnaður af váttryggingasamningum	(5.639.737)	(262.980)	0	(5.902.717)
Hreinn kostnaður af endurtryggingasamningum	(117.411)	(28.453)	0	(145.864)
Fjármagnsliðir váttryggingasamninga	0	0	94.876	94.876
Rekstrarafkoma starfsþáttar	(379.855)	110.590	300.254	30.988
Aðrar tekjur og gjöld				11.044
Tekjuskattur				30.686
Hagnaður tímabilsins				72.718

* Framsetningu samanburðarfjárhæða hefur verið breytt til samræmis við IFRS 17, sjá nánar í skýringu 2.

Afskriftir rekstrarfjármuna og hugbúnaðar í skaðatryggingarekstri eru 111 milljónir króna og í fjármálarekstri 0,5 milljón króna. Fjárfestingar í hugbúnaði og í rekstrarfjármunum í skaðatryggingarekstri eru 68 milljónir króna.

Skýringar

6. Tekjur af váttryggingasamningum

	3M 2023	3M 2022 *
Iðgjöld tímabilsins	6.080.545	5.695.890
Aðrar tekjur af váttryggingasamningum	96.915	83.425
Tekjur af váttryggingasamningum.....	6.177.460	5.779.315

* Framsetningu samanburðarfjárhæða hefur verið breytt til samræmis við IFRS 17, sjá nánar í skýringu 2.

7. Kostnaður af váttryggingasamningum

	3M 2023	3M 2022 *
Tjón tímabilsins	(5.155.083)	(4.482.367)
Rekstrarkostnaður váttryggingasamninga	(1.486.141)	(1.420.350)
Kostnaður af váttryggingasamningum.....	(6.641.224)	(5.902.717)

* Framsetningu samanburðarfjárhæða hefur verið breytt til samræmis við IFRS 17, sjá nánar í skýringu 2.

8. Gangvirðisbreyting fjárfestingareigna

	3M 2023	3M 2022
Gangvirðisbreytingar hlutabréfa	296.360	195.960
Gangvirðisbreytingar annarra fjáreigna	531.053	27.146
Gangvirðisbreytingar fjáreigna	827.413	223.106

Með gangvirðisbreytingu fjáreigna er talinn 106 (3M 2022: 141) milljóna króna arður af hlutabréfaeign.

9. Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í árshlutareikninginn.

Virkt skatthlutfall:

	1. janúar - 31. mars 2023		1. janúar - 31. mars 2022	
	Fjárhæð	%	Fjárhæð	%
Hagnaður fyrir tekjuskatt	211.926		42.032	
Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli	42.385	20,0%	8.406	20,0%
Ófrádráttarbær kostnaður	6	0,0%	2	0,0%
Fenginn arður	(21.138)	-10,0%	(28.148)	-67,0%
Gangvirðisbreytingar fjáreigna	(38.428)	-18,1%	(11.044)	-26,3%
Aðrar breytingar	(223)	-0,1%	98	0,2%
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi	(17.397)	-8,2%	(30.686)	-73,0%

10. Fjárfestingareignir

Fjárfestingareignir greinast þannig:	31.3.2023	31.12.2022
Eignarhlutar í öðrum félögum		
Skráð í innlendri kauphöll	6.050.643	5.575.085
Skráð í erlendum kauphöllum	1.461.016	1.526.158
Önnur félög	7.918.799	7.376.043
	<u>15.430.458</u>	<u>14.477.286</u>
Önnur verðbréf		
Ríkistryggð, verðtryggð	4.834.537	4.784.981
Ríkistryggð, óverðtryggð	3.328.485	4.139.665
Önnur skuldabréf	15.036.428	13.500.631
Skuldabréfasjóðir	2.334.341	2.676.493
Fagfjárfestasjóðir	2.133.992	2.275.300
	<u>27.667.782</u>	<u>27.377.071</u>
Fjárfestingareignir samtals	<u>43.098.240</u>	<u>41.854.357</u>

11. Stigskipting gangvirðis

Taflan hér að neðan sýnir fjáreignir, færðar á gangvirði, flokkaðar eftir verðmatsaðferð. Matsaðferðunum er skipt í þrjú stig sem endurspeglar mikilvægi þeirra forsöðna sem lagðar eru til grundvallar við ákvörðun gangvirðis eignanna. Stigin eru eftirfarandi:

Stig 1: Gangvirðið byggir á skráðum verðum á virkum markaði fyrir samskonar eignir.

Stig 2: Gangvirðismatið byggir ekki á skráðum verðum á virkum markaði (stig 1) heldur á upplýsingum sem eru sannreynanlegar fyrir eignina, annað hvort beint (t.d. verð) eða óbeint (t.d. afleiddar af verðum). Í stigi 2 eru færðar fjáreignir þar sem ekki er virkur markaður. Matið á eignunum ákvarðast af nýlegum viðskiptum ótengdra aðila eða kauptilboðum frá ótengdum aðilum. Einnig er stuðst við gangvirði annarra sambærilegra fjáreigna.

Stig 3: Gangvirðismatið byggir á mikilvægum upplýsingum öðrum en markaðsupplýsingum. Við mat á fjáreignum sem falla undir stig 3 eru notuð gögn eins og verðmat frá rekstraraðilum fjárfestinga- og fagfjárfestasjóða, söluréttur eða verðmat félagsins byggt á afkomu eða samanburði við sambærilegar fjáreignir.

Samstæða

31. mars 2023	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Fjáreignir á gangvirði	26.092.265	846.394	12.198.904	39.137.563

Samstæða

31. desember 2022	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Fjáreignir á gangvirði	26.014.746	721.490	11.540.197	38.276.432

Breytingar sem falla undir stig 3 á tímabilinu eru eftirfarandi:

	3M 2023	31.12.2022
Staða 1.1.	11.540.197	11.860.409
Keypt	569.887	2.329.772
Selt/afborganir	(347.771)	(3.266.389)
Flutt af stigi 1	0	(1.561.188)
Vextir, matsbreyting	436.592	2.177.593
Staða 31.3.	<u>12.198.904</u>	<u>11.540.197</u>

Skýringar

12. Víkjandi skuldabréf

Í lok febrúar 2016 gaf félagið út víkjandi skuldabréf að nafnverði 2.500 milljónir króna. Skuldabréfin tilheyra eiginfjárfætti 2 og teljast til gjaldþols félagsins. Þau bera fasta 5,25% verðtryggða vexti og eru til 30 ára með uppgreiðsluheimild og þrepahækkun á vöxtum upp í 6,25% 10 árum eftir útgáfu.

13. Vátryggingaskuld

Vátryggingaskuld er ákvörðuð samkvæmt reikningsskilastaðlinum IFRS 17.

	31.3.2023	31.12.2022 *
Vátryggingaskuldir:		
Skuldbinding vegna greiddra iðgjalda	3.424.439	2.206.927
Skuldbinding vegna orðinna tjóna	23.509.915	22.880.803
Vátryggingaskuldir samtals	26.934.354	25.087.730
Hlutdeild endurtryggjenda:		
Hlutdeild endurtryggjenda	1.510.964	1.114.852
Vátryggingaskuldir í eigin hlut:		
Vátryggingaskuldir í eigin hlut	25.423.390	23.972.878

* Framsetningu samanburðarfjárhæða hefur verið breytt til samræmis við IFRS 17, sjá nánar í skýringu 2.

Skuldbinding vegna orðinna tjóna er reiknað mat félagsins samkvæmt IFRS 17 á fjárhæð óuppgerðra tjónsatburða á uppgjörstegi sem hafa verið tilkynntir félaginu og einnig vegna tjónsatburða sem hafa átt sér stað á uppgjörstegi en ekki verið tilkynntir félaginu eða tilkynntir með ófullnægjandi hætti. Skuldbinding vegna greiddra iðgjalda er mat á skuldbindingum vegna þess tímabils sem eftir er af gerðum vátryggingasamningum á uppgjörstegi að frádregnum viðskiptakröfum vegna iðgjalda.

14. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar, eða félag í þeirra eigu, sem hafa umtalsverð áhrif á samstæðuna, beint eða óbeint. Tengdir aðilar eru stórir hluthafar, stjórnarmenn og nefndarmenn undirnefnda stjórnar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur þeirra, sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir samstæðunni, s.s. hlutdeildarfélag. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Viðskipti við tengda aðila og stöður í efnahagsreikningi greinast þannig:

	1.1.-31.3.2023		31.3.2023	
	Tekjur	Gjöld	Eignir	Skuldir
Stjórn og lykilstarfsmenn	4.284	8.228	457.902	295
	1.1.-31.3.2022		31.12.2022	
	Tekjur	Gjöld	Eignir	Skuldir
Stjórn og lykilstarfsmenn	3.661	1.329	456.057	0

Skýringar

15. Atburðir eftir lok reikningskiladags

Engir atburðir hafa orðið eftir lok reikningskiladags sem krefjst lagfæringa eða breytinga á árshlutareikningnum.

16. Lykilhlutföll

	3M 2023	3M 2022 *
Tjónahlutfall	83,4%	77,6%
Hreint kostn.hlutfall af endurtr.samningum	2,9%	2,5%
Tjónahlutfall að teknu tilliti til endurtr.	86,4%	80,1%
Kostnaðarhlutfall váttryggingasamninga	24,1%	24,6%
Samsett hlutfall	110,4%	104,7%
Gjaldþolshlutfall samstæðu	1,48	1,54

* Framsetningu samanburðarfjárhæða hefur verið breytt til samræmis við IFRS 17, sjá nánar í skýringu 2.

17. Ársfjórðungayfirlit

	1F 2023	4F 2022*	3F 2022*	2F 2022*	1F 2022*
Tekjur af váttryggingasamningum	6.177.460	6.259.617	6.392.916	6.035.275	5.779.315
Afkoma fjárfestinga	1.058.468	229.875	180.169	295.284	205.378
Heildartekjur	7.235.928	6.489.493	6.573.084	6.330.559	5.984.692
Kostnaður af váttryggingasamningum	(6.641.224)	(5.550.559)	(6.190.973)	(5.704.045)	(5.902.717)
Hreinn kostnaður af endurtr.samningum	(181.278)	(220.492)	(99.684)	(113.295)	(145.864)
Fjármagnsliðir váttryggingasamninga	(193.475)	(169.804)	(338.037)	(18.911)	94.876
Rekstrarafkoma starfsþáttar	219.951	548.637	(55.610)	494.308	30.988
Aðrar tekjur og gjöld	(8.025)	10.577	3.669	10.394	11.044
Tekjuskattur	17.397	(98.363)	(17.692)	(28.590)	30.686
Hagnaður tímabilsins	229.323	460.852	(69.633)	476.112	72.718
Tjónahlutfall	83,4%	66,7%	77,7%	71,9%	77,6%
Hreint kostn.hlutfall af endurtr.samningum	2,9%	3,5%	1,6%	1,9%	2,5%
Tjónahlutfall að t.t.t. endurtr.	86,4%	70,2%	79,2%	73,8%	80,1%
Kostnaðarhlutfall váttryggingasamninga	24,1%	22,0%	19,2%	22,6%	24,6%
Samsett hlutfall	110,4%	92,2%	98,4%	96,4%	104,7%

* Framsetningu samanburðarfjárhæða hefur verið breytt til samræmis við IFRS 17, sjá nánar í skýringu 2.